

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um innheimtu fjesekta þegar 94
dæmdi deyr áður en sektirnar eru greiddar eða afplánaðar. — Í þóknanlegu brjefi 30. júní.
frá 19. febrúar þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, beint hingað fyrirspurn amtmanns-
ins yfir vesturamtinu um það, að hve miklu leyti fjesektir, sem einhver er í dæmdur í
hegningarskyni eða til að þröngva honum til að gegna einhverri skyldu við hið opin-
bera, sbr. almenn hegningarlög handa Íslandi 25. júní 1869, 31. gr., og tilskipun frá
sama degi um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum, geti heimfast greiddar
úr búi hins dæmda, ef hann deyr, áður en sektirnar eru að fullu goldnar eða afplán-
aðar.

Af þessu tilefni skal ekki látið hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar, að spurningu þeirri, er þjer hafið borið upp, ber að álitni ráð-
gjafans að svara með nei.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á 5. gr. laga frá 95
27. febr. 1880 um skipun prestakalla. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 7. þ. m., hafið 30. júní.
þjer, herra landshöfðingi, sent hingað með meðmælum stiptsyfirvaldanna erindi setts
málaflutningsmanns við landsyfjrrjettinn Jóhannesar Ólafssonar, þarsem hann fyrir hönd
föður síns, O. E. Johnsens prófasts, fer þess á leit, að uppbót sú, 200 kr., sem Gufu-
dalsprestakalli er lögð með lögum 27. febr. 1880, 1. gr., 76, verði greidd honum fyrir far-
dagaárið 18⁸³/₈₄ með því að hann hafi, samkvæmt skipun prófasts, þjónað prestakalli
þessu um tímabil þetta ásamt eigin brauði sínu, Stað á Reykjanesi.

Í tilefni af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir
hlutadeiganda þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn hefur eigi fundið ástæðu til að víkja
frá skilningi þeim á 5. gr. nefndra laga, er hann hefur látið uppi í brjefi 11. nóv. 1881,
en eptir þeim skilningi eiga uppbætur þær, sem lagðar eru prestaköllum með 1. gr. lag-
anna, þá fyrst að útborgast til viðkomandi prestakalla, er þau í fyrsta sinn eru veitt.
Þessi skilningur virðist einnig að vera sá er bezt samrýmist tilgangi laganna, sem er að
bæta svo tekjur braudanna, að vænta megi að prestar geti fengið í hin rýrustu presta-
köll, en þarómóti ekki að auka þóknunina til presta, er til bráðabirgða þjóna presta-
köllunum. Sakir þessa getur hið umbeðna eigi orðið veitt.

En í tilfelli því, sem hjer er um að ræða, mælir sanngirni ef til vill með því,
að beidandanum sje veitt einhver aukapóknun fyrir hin örðugu ferðalög, er hann hefur
orðið að hafa til að geta þjónað brauðinu, og mun ráðgjafinn því fús á að reyna til að
útvega honum slíka þóknun með aukafjárveitingu, ef að þjer, herra landshöfðingi, álitnið
það nauðsynlegt, en um það eruð þjer beðinn að láta uppi þóknanleg ummæli yðar og
þá ef til kemur skýra frá því um leið, með hvaða skilmálum Ólafi prófasti Johnsen hafi
verið falin prestspjónusta í hinu umrædda brauði.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útborgun sýslumannslaun- 96
anna í Dalasýslu fyrir júnimánuð 1881. — Skiptaráðandi í dánarbúi Skúla heitins 30. júní.
sýslumanns í Dalasýslu Magnússonar hefur, eptir að þingsvitni var fengið fyrir því, að

96 nefndur sýslumaður, sem að eins hafði fengið sýslumannslaunin útborguð til 31. maí 30. júní. 1881, hefði eigi andast fyr en 1. júní s. á., farið þess á leit, að laun þessi fyrir júní 1881, 208 kr. 33 a., verði greidd í bú þetta, og hafði þjer, herra landshöfðingi, í til-efni af þessari beiðni, og sjerstaklega með tilliti til þess, að sýslumanni þeim, sem settur var til að þjóna embættinu, voru fyrir hinn umrædda mánuð greiddar 52 kr. 8 a. í þóknun, beiðst úrskurðar ráðgjafans um það, hvernig að skuli farið í ofangreindu efni.

Útaf þessu skal ekki látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknan-legrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn, eptir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, álit-ur, að bú Skúla sýslumanns Magnússonar eigi tilkall til allra sýslumannslaunanna fyrir júnímánuð 1881, og eruð þjer því jafnþjónustusamlega beðnir að láta útborga búinu 208 kr. 33 a., en aukafjárveitingar þeirrar, er til þess útheimtist, mun verða beiðst á frumvarpi því til fjárukalaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, sem 1885 verður lagt fyrir alþingið.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu um að verja 390 kr. (sbr. auglý-ingu landshöfðingja 19. maí f. á. Stjtið. B. 63) að helmingi til jarðyrkjuverkfærakaupa handa sýslunni og að helmingi sumpart til að launa búfræðing og sumpart til verðlauna fyrir framkvæmdir í búnaðar-efnum.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu um að verja 50 kr. (sbr. Stjtið. 1883 B 63) til verðlauna fyrir tónbætur og kálgarðarækt (Árni Dídriksson í Stakkagerði fái 20 kr., Ingimundur Sigurðsson í Draumbæ 10 kr., Jón Jónsson í Dölum 10 kr., Guðmundur Þórarinsson á Vest-urhúsum 10 kr.).

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu um að verja 380 kr. (sbr. auglýs-landsh. 1. marz þ. á. Stjtið. B. 30) að helmingi til jarðyrkjuverkfærakaupa handa sýslunni og að helm-ingi sumpart til að launa búfræðing og sumpart til verðlauna fyrir framkvæmdir í búnaðarefnum.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu um að verja 60 kr. (sbr. Stjtið. 1884 B 30) til borgunar á kostnaði við að koma fiskiföngum þaðan úr sýslu á veraldarsýningu, þegar tækifæri býðst til þess.

EMBÆTTISSKIPANIR M. M.

2. júlí var sýslumannsembættið í Skagafjarðarsýslu veitt af konungi sett-um málaflutningsmanni við landsyfjirjettinn, cand. jur. Jóhannesi Davíð Ólafssyni.

25. s. m. var Borgarprestakalli í Mýrprófastsdæmi veitt af landshöfðingja cand. theol. Morten Hansen.

26. s. m. var Torfastaðaprestakalli í Árnessprófastsdæmi veitt af landshöfðingja sjera Magnúsi Helgasyni á Breiðabólstað á Skógarströnd.

1. ágúst var cand. jur. Skúli Thoróddsen settur af landshöfðingja til þess fyrst um sinn að gegna sýslaninni sem málafærslumaður við landsyfjirjettinn í Reykjavík í stað Jóhann-esar D. Ólafssonar, sem hafði fengið veitingu fyrir Skagafjarðarsýslu.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Breiðibólstaður á Skógarströnd í Snæfellsnessprófastsdæmi (Breiðabólstaðar og Narfeyrarsóknir). Prestsekkja fær $\frac{1}{12}$ af föstum tekjum braudsins. Á því hvílir og 400 kr. landssjóðs-skuld sem atborgast með 50 kr. á ári. Metið 987 kr. 60 a. Auglýst 26. júlí 1884.